

Provincial Library
City



Þoröld


HEIMLEY!
Sendið heyrð þetta til þess að þú
kaupmannanna, og fáið hæðsta verð,
einnig fjöta afgreiðslu. Peningar lán-
aðir á "kór" send þat til okkar.
Vér ábyrgjumst að gera yður á-
nægða.
THE NORTHERN HAY CO.
408 Chambers of Commerce
Talsimi G. 2208. Næstur talsimi S. 3247
Winnipeg. Man.

III ARGANGUR.

WINNIPEG, MANITOBA, 27. FEBRÚAR, 1920.

NR. 7.

Kosinn Stórtemplar



A. S. BARDAL

Stórtemplar í Manitoba og Saskatchewan. Nánar um hann síðar.

Almennar fréttir.

A þjóðdagsmorguninn var dæmt í máli séra Ivens, þar sem hann var kærður um litilsvirðing á rétti-
inum. Hann sagði að í Russell mál-
inu hefði dæmt eitruður dómari,
og eitruð dómnefnd, og þar afleið-
andi hefði dómurinn verið eitruð-
ur. Ivens skýrði þetta þannig, að
hugarfar dómarsins og dómnefnd-
arinnar hefði verið eitruðar af svi-
virðingum blaðanna. Dómaramin-
voru þeir: Prendergast, Mathers
og Galt. Sögðu þeir að það væri
satt að stóru blöðin væru sek um
fyrirlitning á réttinum, en það rétt
lætti ekki Ivens; var honum slept
gegn \$2000 veði fyrir því að hann
viðhefði ekki samskonar orð í þrjá
mánuði.

Dýraverndunarfélagið í Mani-
toba hélt nýlega fund og var þar
ákveðið að krefjast fullkomnari
dýraverndunarlaga en nú séu til.
Á þinginu voru sagðar fjóldamarg

Fjöldi henda frá Bandaríkjun-
um ætlað að flytja til Vestur Can-
ada í sumar. Fyrsti hópurinn kom
á þjóðdagsinn.

Þingmaður á Ítalíu sem Lom-
bardi heitir, hefir borið upp frum-
varp til laga sem ákveður afnám
lífstíðarfangelsis og einverufang-
elsins. Vill hann láta hegninguna
færa í því fölgna, að menn séu látn-
ir vinna aðsömu vinnu og gangi
kaup þeirra til skylduliðs þeirra,
eða til skadabóta þeim sem tjón-
hafi liðið við brot þeirra, ef þeir
séu sjálfir svo efnum búnir að
heimili þeirra þurfi þess ekki. Eng-
inn maður á að vera í fangelsi,
samtíðis frumvarpinu nema með
an hann hafiður raunsoðnar eða
dóms.

ISLAND

Benedikt Jónsson sötari, andað-
ist í Reykjavík 24. janúar.

Haraldur Sigurðson frá Kald-
aðarnesi er alfluttur til Kaup-
mannahafnar og hefir fengið þar
stöðu við hljómlistarskólann.

Jóhannes Helgason myndskeri,
varð úti í janúarmánuði.

Chr. Popp, fyrrum kaupmaður
á Sauðárkróki, er nýlega látinn á
Jótlandi.

Ísafold frá 26. janúar segir
slæma tíð um land allt.

Kristín Thoroddsen dóttir skúla
Thoroddsen, er ráðin hjúkrunar-
kona við sjúkrahús í Valpariso í
Chile í Suður-Ameríku.

Nýlega voru þessi kosin í bæjar-
stjórn í Reykjavík:
Ólafur Friðriksson,
J. Jónatansdóttir,
Sigurður Jónsson,
Pétur Halldórsson,
Gunnlaugur Claessen,
Þórður Bjarnason,
2. febr. andaðist frá Helga Arna
dóttir, móðir Bjarna frá Vog. 89
ára gömul.

Látinn er í Kaupmannahöfn Ól-
firði Ólafur sonur Guðmundar
bónda Ólafssonar, 22 ára að aldri,
úr botnlangabólgu.

Ásmundur Árnason að Háðæ í
Vogum hefir selt bújörð sína með
allri áhöfn þorsteini Jónssyni
kaupmanni frá Seyðisfirði.

Arni sonur séra Arna Björnsson-
ar í Górdum slasaðist nýlega. Hjóp-
skot úr byssu og fór í handlegg-
fögea í Reykjavík.

inn, en ekki er það svo að hettu-
legt sé.

Láti nner í kaupmannahöfn Ól-
afur A. Ólafsson stórkaupmaður,
eigandi Duus-verzlunar.

Séra Ásmundur Guðmundsson,
skólastjóri á Eðum ætlað utan
næsta sumar til þess að kynna sér
skólamál.

180,000 króna lán hefir fengist
til þess að reisa nýtt skólahús á
Eðum.

Verið er að safna afarmiklu fé
til þess að reisa sameiginlegan
fólksskóla á Suðurlandi.

Þeir raftræðingar eru ráðnir til
þess að koma upp Eliðaárrafveit-
unni; það eru þessir: Guðmundur
Hliðdal, Steingrímur Jónsson og
Broager Christensen.

Nýlega eru komnar út prédik-
anir eftir séra Ásmund Guðmunds-
son, sem heita "Frá heimi fagnað-
arandisins."

Seyðisfjarðarkaupstaður átti 25
ára afmæli 31. janúar.

Nýlega er látinn á Akureyri Jó-
hannes Þorsteinsson kaupmaður.

Búist er við að 150 hús verði
byggt í Reykjavík í sumar, eftir
því sem Ísafold segir 12. janúar.

Jónas Lárusson hefir leigt Hotel
"Continental" í Kaupmannahöfn.

Látinn er Þorvaldur Sivertssen,
fyrstur bóndi í Hrapsey í Breiða-
firði.

Páll Bjarnason lögfræðingur frá
Seinni er orðinn fulltrúi bæjar-
fógea í Reykjavík.

Í NÆSTU VIKU.

Í næstu viku verður Jón Bildfell tekinn til bænar fyrir árásir
hans á Island og mótvinnu hans gegn hag þess.

Í næstu viku verður Trygvi athugaður fyrir "mögru" greinina.

Í næstu viku verður minst á hina ósamlegu grein vinar vors
S. J. Jóhannessonar í Lögbergi.

Í næstu viku verður svarað kveðja eyfirzku konunnar.

Í næstu viku heilsun vör Hnausamanninn.

Þessa viku erum vér önnur kafnir við þjóðernisþingið og verðum
því að láta allt hið ofanskraða biða næstu viku.

"VARASKEIFAN"

leikin í RIVERTON 3. marz.

Miðvikudaginn 3. marz fer leikflokkurinn til Riverton og sýnir
"Varaskeifuna" það sama kveld í Riverton Hall.

INNANGANGUR 75 Cents.

DANS Á EFTIR FRAM A MORGUN

LÝÐKIRKJA

T. McGREGOR. kl. 7.30. e.h.

ALLIR VELKOMNIR!

FRAMTÍÐAR-LANDIÐ

Vor ónumda framtíð — vor óþægðu lönd,
er æskujörð barnanna vopra.
Þar sjáum vér hilla' undir sólrika strönd
í svörtustu byljum á Þorra.
Þar dvelur sú önd
við árdags rönd,
sem ei vill í nóttinni morra.

Hve gott er að eiga þar guðsríki sér
í Glæsheimi eilífðar nýjum,
þá umheimur stendur á öndinni hér
frá ógnum úr nútíðar skjýjum,
sem byrgja svo oft
hið bjarta loft
og bjarmann frá vordegi hlýjum.

Hver von vor og ljósþrá — hver lifandi trú,
er leit inn á framtíðarvegi
að vorsveit með fegurri bygðir og bú
er birtast á nútíðar degi.
Hver ódreppin sál
á þau óskamál
þótt alein í böndum preyi.

En framtíðar byggingin fer eftir því
hvað fortíð og samtiðin geymir.
En einkum hvað byrðinni borið er í
og bjargast sem Aslaugu Heimir.
Hvort hörpunnar ljóð,
er lifandi hljóð
og ljóspolið flest, sem oss dreymir.

Í helgisþám norræna sagna þú sér
að sigurinn mannsandinn vinnur
mót úlfanna, jötmanna' og Hel-sinna her,
sem harm-fjötur þjóðunum spinnur
Á salli grund
í gæfu lund
hann gulltöflur eilífðar finnur.

Til trausta lifa Viðarr og Váli sem fyr
þótt Valfaðir augum sé falinn.
Þá stíga þeir Móði og Magni úr hyr
með Mjólni, er þór gístir valinn.
Með heida brá
ris Baldur þá
frá bana í framtíðarsalinn.

Þá fólkstjórnin lýstur burt lýðsfjötra þá,
sem lama þótt kongsböndin slitni.
Þá Forseta Baldursson framtíðin á
í fegurra dómsal en Glitni.
Þá blasir við hún
sú bróður-rún,
sem bera á hjartanu vitni.

Í starfsríki frelsisins fögnuður grær
og friður sem aldrei mun deyja.
Þá himinn færir svo heiminn nær
að heyrir hvað guðirnir segja.
Því lifið á til
það ljós og yl
sem langsærstu spárnar eygja.

Hvert gæfuspör áfram er hjálpendi Hlín
og Heimdallur vökumanns líki.
Þá fegra' en á gullöld í framgengi skín
ið fornhelga íslenska ríki.
Því gæti þess sá,
sem þar gríðland á,
það guðland sitt aldrei svíki.

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson

Fatnaður og yfirhafnir

ÞÉR SPARID \$10.00 Á FATNAÐINUM YÐAR OG YFIR
HÖFNUNUM, MEÐ ÞVI AÐ KAUPA ÞAÐ Í BÚÐINNI
UPPI Á LOFTI, MEÐ VERÐINU SEM ÞAR ER.



Robinsons Clothes Shops, Ltd.

264 Portage Av. Jppi yfir 5-10-15 centa búðinni